

Ungmennasambandið Úlfljótur

86. ársþing



Haldið í Heklu, félagsheimili

Umf. Sindra

27. mars 2019

Stjórn USÚ 2018

Jóhanna Íris Ingólfssdóttir, formaður

Kristján Örn Ebezersson, ritari

Sigurður Óskar Jónsson, gjaldkeri

Matthildur Ásmundardóttir, varamaður

Ásta Steinunn Eiríksdóttir, varamaður

Stjórn styrktar- og afrekssjóðs USÚ

Auk formanns og gjaldkera eru í stjórninni Gestur Halldórsson (fyrir GHH), Bryndís Björk Hólmarsdóttir (fyrir Hestamannafélagið) og Íris Heiður Jóhannsdóttir fyrir (Sveitarfélagið Hornafjörð).

Skoðunarmenn reikninga

Inga Kristín Sveinbjörnsdóttir og Halldóra Katrín Guðmundsdóttir.

Til vara: Anna Halldórsdóttir og Sveinn Rúnar Ragnarsson.

Aðildarfélag USÚ

Ungmennafélagið Sindri

formaður: Ásgrímur Ingólfsson

framkv.stj: Lárus Páll Pálsson

- *Badmintondeild – ekki starfandi*
- Blakdeild
- Fimleikadeild
- Frjálsíþróttadeild
- Knattspyrnudeild
- Kraftlyftingadeild
- Körfuknattleiksdeild
- *Skíðadeild – ekki starfandi*
- Sunddeild

Ungmennafélagið Máni

formaður: Einar Björn Halldórsson

Hestamannafélagið Hornfirðingur

formaður: Pálmi Guðmundsson

Golfklúbbur Hornafjarðar

formaður: Gísli Páll Björnsson

Ungmennafélag Öraefa

formaður: Sigrún Sigurgeirsdóttir

Akstursíþróttafélag Austur - Skaftafellssýslu

formaður: Jón Kjartansson

Skotfélag Austur - Skaftafellssýslu

formaður: Ingólfur Guðni Einarsson

Ungmennafélögin Hvöt, Valur og Vísir eru ekki starfandi

Dagskrá 86. ársþings USÚ

1. Þingsetning.
2. Kosning þingforseta.
3. Kosning þingritara.
4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
5. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar.
6. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar.
7. Álit kjörbréfanefndar.
8. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins og afgreiðsla þeirra.
9. Ávörp gesta.

Þinghlé

10. Lagðar fram og teknar til umræðu tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum.
11. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem borist hafa til stjórnar.
12. Tillögur og nefndarálit tekin til afgreiðslu.
13. Útnefning íþróttamanns ársins 2018.
14. Kosning.
 - a. Kosning stjórnar
 - b. Kosning stjórnar Styrktar- og afrekssjóðs
 - c. Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara.
15. Önnur mál.
16. Fundargerð þingsins borin upp til samþykktar.
17. Þingslit.

Skýrsla stjórnar USÚ fyrir árið 2018

Stjórn USÚ hefur starfað með venjubundnum hætti frá síðasta ársþingi sem haldið var í Hofgarði í Öræfum þann 12. mars 2018. Veður var með hvassara móti og formaður fjarverandi vegna barneigna en það kom ekki að sök og voru m.a. veitt hvatningarverðlaun til ungra íþróttamanna sem höfðu staðið sig vel og lagt mikinn metnað í íþróttaiðkun sína árið 2017. Það voru þau Angela Rán Egilsdóttir, Tómas Orri Hjálmarsson og Salvör Dalla Hjaltadóttir sem hlutu viðurkenninguna að þessu sinni. Íþróttamaður ársins var með breyttu sniði en í stað íþróttamanns ársins var lið ársins valið og var það meistaraflokkur körfuknattleiksdeildar Sindra sem varð fyrir valinu fyrir góðan árangur og liðsheild. Engar breytingar urðu á stjórninni eftir þing og er hún skipuð Jóhönnu Írisi Ingólfssdóttur formanni, Sigurði Óskari Jónssyni gjaldkera, Kristjáni Erni Ebenezerssyni ritara og Matthildi Ásmundardóttur og Ástu Steinunni Eiríksdóttur varamönnum.

Stjórnin sendi fulltrúa á þá fundi og þing sem henni bar og þar má nefna vofund UMFÍ á Sauðárkróki, Sambandsráðsfund UMFÍ á Ísafirði og Formannafund ÍSÍ og ráðstefnu um framtíðarskipulag íþróttahreyfingarinnar, í Laugardalshöll í Reykjavík. Einnig fór Sigurður Óskar á Landsmótið á Sauðárkróki og ásamt því að vinna að ýmsum verkefnum tók hann sig til og náði góðum árangri í stígvélakasti. Formaður og gjaldkeri voru einnig viðstödd Unglingalandsmótið í Þorlákshöfn þar sem nokkur börn frá USÚ tóku þátt og stóðu þau sig öll með mikilli þryði.

Mikill hluti af vinnu stjórnar á þessu starfsári hefur þó farið í undirbúning fyrir unglíngalandsmót UMFÍ sem haldið verður á Höfn um verslunarmannahelgina. Fundað hefur verið að meðaltali einu sinni í mánuði í undirbúningsnefndinni. Í nefndinni sitja, Jóhanna Íris Ingólfssdóttir, Sigurður Óskar Jónsson, Kristján Örn Ebenezersson, Matthildur Ásmundardóttir, Ragnhildur Jónsdóttir, Íris Heiður Jóhannsdóttir, Ásgrímur Ingólfsson, Gunnhildur Gísladóttir, Gunnar Ingi Valgeirsson, Lárus Páll Pálsson, Kristín Ármannsdóttir, Jens Olsen, Jóhanna Björg Jóhannsdóttir, Jónína Kristín Ágústsdóttir, Hafdís Hauksdóttir og Ragnheiður Högnadóttir, fulltrúi UMFÍ. Undirbúningur gengur vel og er nefndin samstíga í því að vinna undirbúningsvinnu eins vel og hægt er í samstarfi við UMFÍ til þess að geta boðið gestum okkar upp á gott mót. Unglingalandsmót UMFÍ er ein besta forvörnin fyrir ungmenni yfir verslunarmannahelgina og því mikilvægt að vanda vel til verka. Búið er að manna allar helstu stöður innan nefndarinnar og einnig eru komnir sérgreinastjórar á flest allar greinar. Enn er verið að safna sjálfboðaliðum og stefnt er á að halda borgarafund með fulltrúum frá UMFÍ í byrjun maí til þess að kynna mótið enn frekar fyrir bæjarbúum.

Við viljum hvetja félög og deildir til þess að ræða Unglingalandsmótið við sýna iðkendur og hvetja til þátttöku. Fyrir þinginu liggur tillaga um að USÚ greiði skráningargjald sinna keppenda, líkt og var gert á mótinu 2013. Fjöldinn allur af keppnisgreinum verður í boði og um að gera að prófa nýjar greinar sem og að keppa í uppáhalds greininni. Einnig er uppi hugmynd um að halda svokallað „míní“ mót í vor til þess að vekja áhuga á minni greinum svo sem frísbígolfi, hjólreiðum, strandblaki, sundi, upplestri o.fl.

Úthlutað var einu sinni úr styrktar- og afrekssjóði á árinu og viljum við ítreka mikilvægi aðkomu sveitarfélagsins að sjóðnum. USÚ úthlutaði einnig styrk úr aðalsjóði á árinu.

Að venju langar okkur að minna alla á heimasíðu USÚ, www.usu.is en þar má finna lög sambandsins, metaskrá í frjálsum, fréttir og ýmis konar fróðleik tengdan sambandinu. Einnig eru upplýsingar um styrktarumsóknir, bæði fyrir styrkar- og afrekssjóð og aðra styrki. Við viljum líka minna á heimasíður UMFÍ www.umfi.is og ÍSÍ www.isi.is en þar eru ýmis gögn um t.d. Felix félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ, styrkveitingar og fræðslu. Við viljum einnig þakka ykkur öllum sem komið að ungmennafélags- og íþróttastarfi fyrir allt ykkar góða og ómetanlega sjálfboðaliðastarf. Án þessarar óeigingjörnu vinnu væri ekki hægt að halda uppi því öfluga og metnaðarfulla starfi sem unnið er hérna í sveitarfélaginu og ég tala nú ekki um að taka að okkur eins stórt verkefni og Unglingalandsmót UMFÍ er, sem byggist nánast alfarið upp á sjálfboðaliðastarfi. Og viljum við ítreka mikilvægi þessa forvarnastarfs.

Að lokum viljum við óska Ungmennafélaginu Sindra til hamingju með nýja félagsheimilið sem mun án efa koma sér vel í þeirra starfi og vera vettvangur forvarnarstafs og hópeflis bæði hjá börnum og fullorðnum.

Jóhanna Íris Ingólfssdóttir, formaður USÚ

Skýrsla Styrktar- og afrekssjóðs USÚ

Á árinu 2018 var einu sinni úthlutað úr sjóðnum.

Þessi hlutu styrki:

Fimleikadeild Umf. Sindra hlaut 300.000 kr. styrk vegna kaupa á svampgryfju.

Körfuknattleiksdeild Umf. Sindra hlaut 250.000 kr. styrk vegna þjálfarakostnaðar og uppbyggingar yngri flokka starfs.

Yngriflokkaráð Umf. Sindra hlaut 150.000 kr. styrk vegna kostnaðar við aukaæfingar í knattspyrnu.

Birkir Snær Ingólfsson hlaut 75.000 kr. styrk vegna æfinga og keppni í knattspyrnu.

Skúli Ingibergur Þórarinsson hlaut 50.000 kr. styrk vegna kostnaðar við þjálfun.

Ársreikningur USÚ 2018

	2018	2017
Rekstrartekjur		
Lottó	5.829.190	5.782.046
Styrkir	165.873	172.658
Aðrar tekjur	36.252	21.900
Rekstrartekjur alls	6.031.315	5.976.604

1)

2)

Rekstrargjöld		
Lottó til aðildarfélaga	4.512.640	4.183.906
Lottó í styrktar- og afrekssjóð USÚ	282.040	261.494
Auglýsingar og heimasíða	48.142	36.438
Verðlaun	14.900	21.310
Ferða- og fundakostnaður	52.267	207.430
Styrkir	1.088.531	0
Annar mótakostnaður	17.500	10.172
Annað	121.563	200.035
Rekstrargjöld alls	6.137.583	4.920.785

6)

3)

1) 4)

2)

5)

Hagnaður/Tap fyrir fjármagnsliði	-106.268	1.055.819
----------------------------------	----------	-----------

Fjármagnsliðir		
Vaxtatekjur	52.460	17.790
Fjármagnstekjuskattur	-11.541	-3.558
Fjármagnsliðir alls	40.919	14.232

Hagnaður/Tap	-65.349	1.070.051
--------------	---------	-----------

Efnahagsreikningur 31.12.2018

Eignir		
Bankainnistæður	6.603.618	6.668.967
Eignir alls	6.603.618	6.668.967

Eigið fé	4.427.948	4.471.352
----------	-----------	-----------

Skuldir		
Ógreitt lottó til aðildarfélaga v. áramót	2.175.670	2.024.957
Ógreiddir reikningar	0	172.658
Skuldir alls	2.175.670	2.197.615

1)

Skuldir og eigið fé 31.12.2018	6.603.618	6.668.967
--------------------------------	-----------	-----------

Ársreikningur Styrktar- og afrekssjóðs USÚ 2018

	2018	2017	
Rekstrartekjur			
Lottó	282.040	261.494	6)
Framlag frá Sveitarfélaginu Hornafirði	400.000	400.000	7)
Aðrir styrkir	0	0	
Rekstrartekjur alls	682.040	661.494	

Rekstrargjöld		
Styrkir	825.000	820.000
Rekstrargjöld alls	825.000	820.000

Hagnaður/Tap fyrir fjármagnsliði	-142.960	-158.506
----------------------------------	----------	----------

Fjármagnsliðir		
Vaxtatekjur	152.429	171.505
Fjármagnstekjuskattur	-33.534	-34.301
Fjármagnsliðir alls	118.895	137.204

Hagnaður/Tap	-24.065	-21.302
--------------	---------	---------

Efnahagsreikningur 31.12.2018

Eignir		
Afrekssjóður	5.628.016	5.652.081
Eignir alls	5.628.016	5.652.081

Eigið fé	5.628.016	5.652.081
----------	-----------	-----------

Skuldir		
Skuldir alls	0	0

Skuldir og eigið fé 31.12.2018	5.628.016	5.652.081
--------------------------------	-----------	-----------

Skýringar

- 1) Getraunir. Fer allt í rekstur tippstofu Sindra. Því miður gleymdist að millifæra upphæðina fyrir árið 2017 til Sindra fyrr en á árinu 2018.
- 2) Aðallega hlutur USÚ í iðkendagjaldi FRÍ og þau tilfelli þegar keppandi frá USÚ skráir sig sjálfur á frjálsíþróttamót og greiðir ekki þátttökugjaldið. Reikningur er þá sendur til USÚ, sem rukkar svo frjálsíþróttadeild Sindra.
- 3) Greitt er fyrir hýsingu á usu.is annað hvert ár.
- 4) Körfuknattleiksdeild Umf. Sindra fékk styrk vegna reksturs meistaraflokks í 1. deild karla upp á 750.000 kr. árið 2018.
- 5) Upphæðin frá 2018 eru aðallega bolir sem þeir sem fóru á Unglingalandsmót UMFÍ í Þorlákshöfn fengu. Upphæðin 2017 er uppgjör vegna hlaupa- og hjólakorts af Höfn og kaup á samkomutjaldi sem notað hefur verið á síðustu tveimur Unglingalandsmótum.
- 6) Samþykkt var á þingi árið 2015 að veita 5% af lottótekjum í styrktar- og afrekssjóð.
- 7) Sveitarfélagið Hornafjörður kom inn í rekstur sjóðsins á síðasta ári.



Sigurður Óskar Jónsson, gjaldkeri USÚ



Inga K. Sveinbjörnsdóttir, skoðunarm.



Halldóra K. Guðmundsdóttir, skoðunarm.

Lög Ungmennasambandsins Úlfjóts

1. gr. Heiti:

Sambandið heitir Úlfjótur, skammstafað USÚ.

2. gr. Sambandssvæði:

Heimili og varnarþing sambandsins er í Sveitarfélaginu Hornafirði.

3. gr. Hlutverk:

Hlutverk sambandsins er:

- Að stjórna sameiginlegum íþróttamálum héraðsins og vera þar fulltrúi ÍSí, en sérráð sem stofnuð eru, fara með stjórn sérgreinamála innan héraðsins.
- Að annast samstarf um íþróttamál við bæjarstjórn og aðra opinbera aðila innan héraðs.
- Að varðveita og skipta milli félaganna því, sem til þess hefur verið veitt.
- Að aðstoða við skipulag, undirbúning og framkvæmd íþróttamóta í héraði.
- Að hafa frumkvæði um eflingu íþróttastarfs innan héraðs.
- Að staðfesta lög aðildarfélaga.
- Að fylgjast með því að starfsemi aðildarfélaga fari fram skv. gildandi lögum þeirra og íþróttahreyfingarinnar í heild. Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund á tilsettum tíma skal stjórn sambandsins, ef þörf krefur, boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.

4. gr. Tilgangi náð:

Tilgangi sínum hyggst sambandið ná með eflingu íþrótta og með því að starfa að þeim þjóðnytjamálum sem það telur sér fært að sinna.

5. gr. Réttur til aðildar:

Rétt til þátttöku í USÚ hafa þau ungmenna- og íþróttafélög sem starfa eða munu starfa á sambandssvæðinu, enda séu lög þeirra í samræmi við lög USÚ, ÍSí og UMFÍ.

6. gr. Umsókn um aðild:

Umsóknir um inngöngu í sambandið sendist stjórn USÚ ásamt lögum viðkomandi félags, nöfnum stjórnarmanna og félagaskrá. Stjórnin úrskurðar um inngöngu sem þó skal staðfesta á ársþingi. Úrsögn úr USÚ er því aðeins gild að félagið sé skuldlaust við sambandið. Þeim félögum sem ekki hafa sent skatt eða skýrslu í tvö ár samfleytt, má víkja úr sambandinu. Ennfremur þeim félögum sem að öðru leyti gerast brotleg við lög þessi. Brottrekstur félags skal staðfestur á ársþingi. Sambandsfélögin greiða skatt til USÚ og er hann ákveðinn á ársþingi ár hvert.

7. gr. Ársþing:

Sambandið heldur ársþing sitt fyrir marslok ár hvert. Stjórn kveður til þings og ákveður þingstað. Ársþing skal boðað skriflega og auglýst með eins mánaðar fyrirvara og er það löglegt hafi löglega verið til þess boðað. Skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir þing skal senda aðildarfélögum, sérráðum og öðrum er rétt eiga til þingsetu með eigi minni en einnar viku fyrirvara. Tillögur félaganna um lagabreytingar skal senda stjórninni eigi síðar en fjórum vikum fyrir ársþing og skal stjórnin kynna þær aðildarfélögunum með þingboði. Reikningsárið er almanaksárið.

8. gr. Fulltrúar á ársþing:

Hvert sambandsfélag hefur rétt til að senda fulltrúa á ársþing þannig að einn fulltrúi komi fyrir hverja 25 skattskylda félagi. Fulltrúar skulu aldrei vera færri en tveir frá hverju félagi. Eftir að fjórum fulltrúum er náð skal vera 1 fyrir hverja 50 skattskylda félagi. Tala félagsmanna skal miðuð við síðustu áramót og eru 16 ára og eldri skattskyldir. Á ársþingi hafa allir sambandsaðilar málfrelsi og tillögurétt, en aðeins stjórn og fulltrúar atkvæðisrétt. Stjórnin getur boðið öðrum aðilum þingsetu er hún telur ástæðu til. Aðeins sá sem er félagi innan sambandsins er kjörgengur fulltrúi á ársþingi. Hver þingfulltrúi hefur eitt atkvæði. Allir þingfulltrúar skulu hafa kjörbréf.

9. gr. Störf þingsins

1. Þingsetning.
2. Kosning fyrsta og annars þingforseta.
3. Kosning fyrsta og annars þingritara.

4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
5. Álit kjörbréfanefndar.
6. Kosnar nefndir er þingið samþykkir að kjósa skuli til starfa á þinginu til að fjalla um þær tillögur og málefni sem til þeirra er vísað, þ.á.m. kjörnefnd er gerir tillögur um stjórn og aðra trúnaðarmenn er starfa milli ársþinga.
7. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar.
8. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar.
9. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins, og afgreiðsla þeirra.
10. Ávörp gesta.
11. Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.
12. Lagðar fram og teknar til umræðu tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum.
13. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem borist hafa til stjórnar.
14. Tillögur og nefndarálit tekin til afgreiðslu.
15. Önnur mál.
16. Kosning.
17. Kosning þriggja manna stjórnar og tveggja til vara.
18. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara. Skulu þeir jafnframt vera skoðunarmenn reikninga aðildarfélaganna (nema þau kjósi eigin skoðunarmenn reikninga)
19. Kosning fulltrúa á Íþróttþing (ÍSí þing).
20. Fundargerð þingsins borin upp til samþykktar.
21. Þingslit.

Ef lægsta atkvæðatala til að ná kosningu fellur á tvo eða fleiri, skal kjósa um þá á ný í bundinni kosningu. Verði þeir jafnir ræður hlutkesti. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum nema um lagabreytingar sé að ræða, þá þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða.

10. gr. Aukaþing:

Aukaþing má halda ef meirihluti stjórnar telur það nauðsynlegt eða ef a.m.k. helmingur aðildarféлага óskar þess. Tilkynningafrestur til aukaþings má vera helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukaþing eru þeir sömu og voru á næsta reglulegu þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða forfallaður á annan hátt. Á aukaþingi má ekki gera laga eða leikreglubreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin hefur að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt ársþing.

11. gr. Stjórn:

Stjórn USÚ skal skipuð þannig að aldrei séu fleiri en tveir stjórnarmenn frá sama félagi. Stjórn skiptir með sér verkum á fyrsta fundi eftir ársþing, þ.e. formaður, ritari og gjaldkeri. Fráfarandi formaður boðar til þess fundar. Stjórnarfundi skal halda minnst 4 sinnum á ári.

12. gr. Hlutverk stjórnar:

Stjórnin hefur á hendi stjórn sameiginlegra mála sambandsins milli þinga innan þeirra marka sem lög og þingsamþykktir setja. Stjórnin gefur skýrslu um hag og starfsemi sambandsins til ÍSí og UMFÍ skv. lögum þeirra. Hún veitir móttöku öllu því fé sem sambandinu áskotnast, ávaxtar sjóði þess og fer með þá samkvæmt þeirri fjárhagsáætlun er þingið hefur samþykkt. Hún skal ábyrgjast sjóði sambandsins og í sameiningu hafa forsjá um aðrar eignir þess. Félög er ekki standa skil á skýrslum og öðrum skuldbindingum gagnvart sambandinu fá ekki úthlutað úr sjóðum þess svo sem Lottósjóði eða öðrum, fyrr en úr hefur verið bætt.

13. gr. Nefndir:

Nýkjörin stjórn skal tilnefna þær nefndir er hún telur þörf á að skipa, og skulu þær starfa með stjórninni.

14.gr.

Sambandið og aðildarfélög þess skulu veita skattayfirvöldum allar upplýsingar um starfsmannagreiðslur og aðrar greiðslur skv. skattalögum hverju sinni.

15. gr. Lagabreytingar:

Lögum þessum má aðeins breyta á ársþingi með minnst 2/3 hluta atkvæða þeirra fulltrúa sem mættir eru.

16. gr.

Um þau atriði, sem ekki eru tekin fram í lögum þessum, gilda ákvæði í lögum ÍSÍ (eins og við á).

17. gr. Gildistaka:

Lög þessi öðlast gildi þegar framkvæmdastjórn ÍSÍ hefur staðfest þau og falla jafnframt öll eldri lög úr gildi við samþykkt þeirra.

Lögum þessum var síðast breytt á 85. ársþingi USÚ, 12. mars 2018.

Reglur um skiptingu lottótekna innan USÚ

15% – USÚ

5% - Styrktar og afrekssjóður USÚ

Það sem eftir stendur skiptist á milli félaga í þessum hlutföllum:

58% – Ungmennafélagið Sindri

9% – Ungmennafélagið Máni

9% – Golfklúbbur Hornafjarðar

9% – Hestamannafélagið Hornfirðingur

5% – Ungmennafélag Öræfa

5% – Skotfélag Austur-Skaftafellssýslu

5% – Akstursíþróttafélag Austur-Skaftafellssýslu

Lottó er greitt út tvisvar á ári, að jafnaði í janúar og júlí.

Þessum reglum var síðast breytt á 82. ársþingi USÚ, í Mánagarði í Nesjum 26. mars 2015.

Lög styrktar- og afrekssjóðs USÚ

1. grein

Sjóðurinn skal heita Styrktar- og afrekssjóður USÚ.

2. grein

Tilgangur sjóðsins er að styrkja hornfirska afreksmenn til æfinga og keppni og einnig til verkefna sem auðga og efla ungmenna- og íþróttastarf á sambandssvæðinu. Skilyrði fyrir styrk er að umsækjandi eigi lögheimili eða hafi að jafnaði fasta búsetu í Sveitarfélaginu Hornafirði. Við styrkveitingar njóta félagar í aðildarfélögum USÚ forgangs.

3. grein

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn, 2 úr stjórn USÚ ásamt 2 fulltrúum aðildarfélaga sem ekki eiga stjórnarmenn og einn frá Sveitarfélaginu Hornafirði. Fulltrúar USÚ skulu valdir á þingi USÚ. Stjórnin skiptir með sér verkum á fyrsta fundi og heldur sérstaka gerðarbók.

4. grein

Tekjur sjóðsins verða:

- Ákveðið hlutfall af lottótekjum USÚ, skv. reglugerð hverju sinni.
- Árlegt framlag Sveitarfélagsins Hornafjarðar.
- Frjáls framlög sem sjóðnum berast.

5. grein

Að jafnaði skal ekki veita meira fé úr sjóðnum en sem nemur innkomu hans á hverju ári.

6. grein

Heimilt er að úthluta úr sjóðnum tvisvar sinnum á ári. Auglýst skal eftir umsóknum með eins mánaðar fyrirvara. Sjóðsstjórn ákveður styrkupp hæð hverju sinni.

7. grein

Til þess að sækja um styrk þarf að senda stjórn USÚ umsókn, í samræmi við auglýsingu hverju sinni. Umsóknir sem berast á öðrum tímum skulu geymdar til næstu úthlutunar.

8. grein

Sjóðsstjórn skal á hverju ársþingi USÚ gera grein fyrir styrkveitingum úr sjóðnum.

9. grein

Skoðunarmenn reikninga USÚ eru jafnframt skoðunarmenn reikninga sjóðsins.

10. grein

Funda skal sem fyrst eftir að umsóknarfrestur rennur út. Formaður sjóðsstjórnar skal boða til fundarins. Öllum umsóknum skal svarað skriflega.

11. grein

Breytingar á reglugerð þessari er hægt að gera á ársþingi USÚ að fengnu samþykki meirihluta atkvæða.

Síðast breytt á 85. ársþingi USÚ, 12. mars 2018

Starfskýrslur aðildarfélaga

Starfsskýrsla aðalstjórnar Umf. Sindra

Árið 2018 var viðburðarríkt hjá UMF Sindra líkt og árin þar á undan. Stærsta verkefni ársins var án efa að gengið var frá kaupunum á félagsheimilinu sem fær nafn eftir tvo daga. En ýmislegt fleira var gert og hér verður talið upp það helsta. Við byrjuðum fljótlega eftir þorablót að hreinsa út úr miðhæðinni á ný keyptri eign og héldum þeirri vinnu áfram um veturinn, fimm herbergi og eldhús voru klár um vorið og kominn í útleigu upp úr því.

Norakerfið var loksins tengt við frístundastyrk sveitafélagsins í byrjun árs 2018 og hefur verið það síðan, talsvert púður hefur farið í að aðstoð deildir og foreldra með það en eftir því sem liðið hefur á árið hefur það gengið betur.

Lítið gerðist í húsinu yfir sumarmánuðina en um haustið fengum við allt húsið afhent og kappkostuðum að flytja inn fyrir áramót til að spara okkur kostnað vegna reksturs á tveimur húsum. Lárus fór í námsleyfi fyrri part sumars og leysti Gísli Már Vilhjálmsson hann af og þökkum við Gísla Má fyrir þá hjálp.

Samningur félagsins við sveitafélagið rann út á árinu og var skipaður vinnuhópur á vegum félagsins til að undirbúa samningagerðina. Farið var í greiningarvinnu á þörfum einstakar deilda, bæði til lengri og skemmri tíma, þetta var viðamikilið verk og á endasprettinum var talið að skynsamlegast væri að gera eins árs samning og notað þetta ár til að gera viðmeiri samning og ítarlegri og liggur sú vinna nú fyrir dyrum.

Nokkrir fundir hafa verið vegna undirbúnings fyrir unglíngalandsmót sem haldið verður hér á Höfn um verslunarmannahelgina. Það mun mæða talsvert á félaginu vegna landsmótsins, eðlilega, það ætti að geta orðið ágætis tekjulind fyrir okkur og vonandi góð landkynning fyrir svæðið. Auk þess er þetta góður vettvangur fyrir krakkana okkar að keppa við jafnaldra alstaðar af landinu. Það er mikilvægt að við stjórnarfolk hverjum börn og fullorðna til að taka þátt hvort sem er í keppni eða vinnu við mótið, margar hendur vinna létt verk.

Engin ársskýrsla verður skrifuð án þess að minnast aðeins á bílamál. Við erum meðvituð um mikilvægi þessara faraskjóta fyrir keppendur okkar og erum að reyna að vera á tánum um hvað sé best að gera. Eins og sést í ársreikningum þá var talsvert viðhald á bílunum. Gráa rútan fékk yfirhalingu og er okkur ráðlagt að keyra hana lengur þar sem talsvert sé eftir í henni, en við munum ekkert fá fyrir hana. Litla hvíta er þokkaleg en á henni hefur líka verið talvert viðhald. Fallastakur hefur séð um viðhaldið á þeirri stóru, hún hefur verið til sölu í talsverðan tíma en eftirspurnin engin.

Að lokum vill ég þakka samstarfsfólki mínu í aðalstjórn fyrir samstarfið á árinu og sérstakar þakkir fá allir þeir sem hafa séð sér fært að aðstoða okkur við að koma húsnæðinu í nothæft form. Þá vil ég þakka öllu stjórnarfolki í UMF Sindra fyrir þeirra óeigingjarna starf í þágu félagsins, án ykkar væri félagið hvorki fugl né fiskur.

Ásgrímur Ingólfsson, formaður UMF. Sindra

Skýrsla stjórnar knattspyrnudeildar Sindra

Kæru félagar. Árið 2018 var hefðbundið þegar koma að starfi stjórnar. Stjórnin hefur undantekningarlítið fundað einu sinni í viku og oftast ef þess var þörf. Meistaraflokkur karla og kvenna tóku þátt í hefðbundnum mótum bæði í lengjubikar og einnig Íslandsmóti. Þjálfari Meistaraflokkskarla var Sinisa Kekish. Hlutskipti liðsins var að spila í 3 deild. Því miður var árangur þeirra ekki eins og vonir stóðu til og á loka metrum mótsins háðu menn mikla baráttu við að halda sæti sínu í deildinni. Það tókst þó að lokum, með hjálp góðra manna og auknum liðstyrk. Þjálfari Meistaraflokks kvenna var Jóna Benný Kristjánsdóttir. Því miður gekk liðinu ekki nógu vel og var það hlutskipti þeirra að falla niður um deild og því er það okkar að að spila í 2 deild næsta sumar.

Það er áhyggjuefni hvað brottfallið úr kvennaboltanum er mikið og er það almennt á landsvísu. KSÍ hyggjast setja af stað rýnihóp til að fara yfir og kortleggja kvennaknattspyrnu í landinu og tel ég það mjög gott skref. Báðir þjálfarar meistaraflokkanna, þau Jóna Benný og Sinisas Kekich hafa látið að störfum sem þjálfarar og þökkum við þeim fyrir þeirra störf síðast liðið sumar. Nýr þjálfari meistaraflokks karla ætlar að vera spilandi þjálfari og er það Ingvi Ingólfsson, sem hefur leikið með Sindra frá blautu barnsbeini. Þjálfari meistaraflokks kvenna er Alexandre Massot. Hann kemur til okkar frá KR. Fjárhagstaða deildarinnar er viðunandi.

Gísli Már var okkur innan handar síðasta vor og sumar og reyndist hann okkur sannarlega betri en enginn og þökkum við honum vel unnin störf. Stjórnin þakkar þeim fyrirtækjum og einstaklingum sem hafa aðstoðað okkur á liðnu ári kærlega fyrir stuðninginn. Þeirra styrkur og aðstoð er ómetanleg.

F.H. stjórnar Knattspyrnudeildar

Kristján S. Guðnason

Skýrsla yngriflokkaráðs Sindra í knattspyrnu

Starfsemi yngriflokka var með hefðbundnu sniði á árinu en nokkrar mannabreytingar urðu. Guðrún Ingólfssdóttir og Sandra Sigmundsdóttir hættu og þökkum við þeim fyrir vel unnin störf, í þeirra stað komu inn Guðrún Ása Jóhannsdóttir og Laufey Sveinsdóttir, eftir áramótin bættist svo Eva Birgisdóttir í hópinn.

Í vor var ráðinn Benóný Þórhallsson í starf yfirþjálfara yngriflokka og styrkir það mjög starfið og gerir þjálfun iðkenda markvissari og allt utanumhald betra. Þjálfarahópurinn núna eru Benóný Þórhallsson, Alexandre Fernandez Massot, Ingvi Ingólfsson og Sigurborg Jóna Björnsdóttir. Svo erum við með aðstoðarþjálfara úr röðum yngri leikmanna í meistara og 3ja flokki. Ólafur Jónsson hefur svo séð um markmannsþjálfun. Yngriflokkar hafa metnað til að vera með menntaða þjálfara og höfum við verið að kosta okkar fólk á námskeið á vegum KSÍ. Iðkendafjöldi um áramót var 104, mjög breytilegur eftir árgöngum og æfa stelpur og strákar saman í sumum flokkum. 3ju flokkarnir eru mjög fámennir og æfa þeir með meistaraflokkum utan einu sinni í viku. Gaman er að segja frá því að í sumar getum við telft fram 11 manna liðum í báðum 4.flokkunum með aðstoð Neista á Djúpavogi. Heldur gott samstarf milli þessara félaga áfram og fer yfirþjálfari okkar einu sinni í mánuði til þeirra og heldur æfingu.

Fjárhagur ársins 2018 er viðunandi en ljóst er að reksturinn hefur þyngst, við erum kominn með starfsmann í 100 % starf og hefur launakostnaður þar af leiðandi hækkað mikið. Það er dýrt að halda úti menntuðum þjálfurum fyrir ekki fleiri iðkendur en það er stefna okkar að öll börnin fái sömu tækifæri. Æfingagjöldin hækkuðu um 10% í haust og eru 605 kr tíminn. Undangengið ár var farið á hin hefðbundnu mót og stóðu okkar krakkar sig vel og voru til sóma fyrir félagið.

Í fyrsta skipti var farið í víðtækt samstarf við önnur félög í nokkrum flokkum. Gekk það að mörgu leiti vel og góð reynsla fyrir okkur. Það sem mikilvægast var að krakkarnir fengu verkefni við hæfi og sköpuðust góð tengsl milli þeirra. Staðan hjá okkur er þannig að við verðum að leita eftir samstarfi til að finna verkefni við hæfi fyrir suma flokka. Ekki náðist aftur samkomulag við liðin fyrir austan fyrir þetta sumar og var farin sú leið að ræða við UMF. Selfoss og munum við tefla fram sameiginlegu liði á Íslandsmóti í 3fl. Karla og kvenna.

Að lokum viljum við ítreka það að umgjörð um iðkendur ræðst ekki bara af aðstæðum til æfinga og hæfni þjálfara. Hvatning okkar forelda og þátttaka er ekki síður mikilvæg. Íþróttafélagið okkar verður ekki stærra en það sem við sjálf leggjum af mörkum til að láta hlutina ganga vel fyrir sig. Við hvetjum því alla foreldra að taka virkan þátt í starfi félagsins á þann hátt sem fólk getur og treystir sér til.

Við í ráðinu þökkum fyrir árið og þeim fjölmörgu sem lögðu hönd á plóginn.

Stjórn Yngri flokkaáæðs

Ársskýrsla kraftlyftingadeildar Sindra

Stjórn frá fyrra ári hefur haldið sér óbreyttri. Formaður Kristján Vilhelm Gunnarsson, ritari er Wiktoria Anna Darnowska og gjaldkeri er Óttar Már Einarsson.

Deildin hefur staðið að æfingum vikulega í sporthöllinni líkamsræktarstöð. Ekki eru innheimt æfingagjöld en iðkendur greiða aðstöðugjöld og árskort beint til Sporthallarinnar.

Í desember síðastliðnum var haldin Aflraunakeppnin Hornfirski víkingurinn og sendi deildin Kristján Vilhelm Gunnarsson sem keppti í yfir 80kg flokki og þá Arnar Inga Jónsson og Dag Frey Sævarsson sem kepptu í undir 80kg. Flokki. Kristján fór með sigur í þyngri flokk og í léttari flokk tók Arnar Ingi fyrsta sæti og Dagur annað sæti. Svo tverkuðum við.

F.H. stjórnar Kraftlyftingadeildar
Kristján Vilhelm Gunnarsson

Ársskýrsla blakdeildar Sindra

Á síðasta aðalfundi blakdeildar var stjórnin endurkjörin einróma. Stjórnin er þannig skipuð að Páll Róbert Matthiasson er formaður, Jóhanna Björg Jóhannsdóttir er ritari og Valgeir Steinarsson er gjaldkeri ásamt konu sinni, Gunnhildi Gísladóttur, sem sér um bókhaldið. Þjálfari er Aida Gonzales Vicente.

Á árinu var starfsemi blakdeildar með hefðbundnu sniði. Æft var tvisvar sinnum í viku og voru æfinga í 5 flokkum, 3 og 4 flokki á vorönn og 3, 4 og 5 flokki á haustönn, ásamt meistaraflokkum kvenna og karla. Einnig var boðið uppá byrjenda blak fyrir fullorðna og 1-3 bekk. Hvoru tveggja 1 sinni í viku. Um áramótin var ákveðið að hætta með byrjenda blakið vegna lítillar þátttöku en bjóða uppá 2 tíma í viku fyrir 1-3 bekk. Virkir iðkenndur voru um 50 á árinu og er það aukning frá síðasta ári.

Vor 2018.

Sindri tók þátt í Íslandsmóti, Kvinnaliðið fór á Neskaupsstað og Karlarnir spiluðu á Húsavík. Bæði liðin tóku þátt í Öldungamótinu sem haldið var á Akureyri og stóðu sig vel. 3 fl og 4 flokkur fóru á bikarmót yngri flokka í Mosó í byrjun febrúar og stóð sig vel að venju og allir skemmtu sér vel.

Haust 2018.

Meistaraflokkar karla og kvenna tóku þátt Íslandsmótinu í október og var spilað á Siglufirði og Ólafsfirði. Bæði liðin stóðu sig vel og sérstaklega kvennaliðið sem er að stórum hluta skipað stúlkum út yngri flokkunum. 4. Og 5. Flokkur fóru svo á Íslandsmót sem haldið var á Neskaupsstað í október. Lentu þau í ævintýrum á leiðinni vegna veðurs en komust á leiðarenda rétt fyrir fyrsta leik.

Starfið hefur gengið ágætlega en gæti stundum gengið betur. Erfitt er að fá foreldra til að koma með í ferðir hjá yngri flokkunum og oft eru sömu einstaklingarnir sem láta til leiðast þegar allt um þrýtur. Það er nauðsynlegt að foreldrar taki þátt í tómstundum sinna barna og ekki hægt að ætlast til að þeir sem eru í stjórn á hverjum tíma þurfi bæði að skipuleggja tómstundir og fara með í ferðir sem fararstjórar eða bílstjórar.

Við í stjórn blakdeildar höfum ákveðið að skipta með okkur verkum þannig að Jóhanna Björg sjái um starf yngri flokka varðandi ferðir og skráningar á mót. Páll Róbert mun halda utan um meistaraflokksstarfið og Valgeir mun sjá um peninga kassann. Deildin var rekin með halla þetta árið og því ljóst að hækka þarf iðgjöldin fyrir næsta vetur.

Stjórnin gefur kost á sér til endurkjörs en ef einhverjum langar að taka þátt í þessu starfi væri það vel þegið því endurnýjun er nauðsynleg og þá sérstaklega ef við fengjum fulltrúa foreldra inn í starfið.

Höfn 25 febrúar 2019.

Páll Róbert Matthíasson formaður.

Skýrsla stjórnar Körfuknattleiksdeildar Sindra

Stjórn 2018

Stjórn körfuknattleiksdeildar árið 2018 skipuðu Hjálmar Jens Sigurðsson formaður, Margrét Kristinsdóttir gjaldkeri, Björgvin Erlendsson meðstjórnandi og Þorgrímur Tjörvi Halldórsson ritari og Skúli Ingibergur Þórarinsson kom svo nýr inn.

Meistaraflokkur karla

Meistaraflokkur karla kláraði keppnistímabilið 2017-2018 eins og best verður á kosið með því að vinna sig upp í 1.deild í fyrsta sinn í sögu deildarinnar. Þetta gerðist eftir gott starf um veturinn undir stjórn Hallmars Hallssonar og árangurinn ekki síður að þakka góðu framlagi frá leikmönnum sem samanstóð af góðri blöndu heimastráka og atvinnumanna. Tímabilið 2018-2019 hófst á því að þjálfarinn Mike Smith var ráðinn. Breytingar á reglum um útlendinga ollu því að lið gátu tekið til sín ótakmarkað magn af Evrópubúum (Bosman-A). Í ljósi þessa var reynt að setja saman lið af 2-3 erlendum leikmönnum ásamt heimamönnum. Tímabilið fór erfiðlega af stað og um áramót hafði einungis einn sigur unnist. Umfram allt hefur þetta verið lærdómsríkt ferli fyrir alla þá sem koma að liðinu og menn vísari að því hvað þarf til að fóta sig í næst sterkustu deild á Íslandi.

Yngri flokkar annað starf

Leikskólaboltinn var áfarm á sínum stað í vetur. 1.-5.bekkur hefur sem áður farið á tvö mót yfir veturinn. Í haust tók Gísli Þ. Hallsson við þjálfun þessa aldurs ásamt því að Tómas Orri og Margrét Kristindóttir voru honum til aðstoðar. Mikil gróska og fjölgun hefur verið í þessum aldurshóp. Í 6-10 bekk höfum við verið með tvö lið skráð í Íslandsmót og bæði staðið sig mjög vel. Mike Smith þjálfaði eldri aldurshópinn og var einnig ráðinn sem yfirþjálfari yngri flokka. Hefð hefur skapast fyrir því að fá lið að austan til okkar á dagsmót á haustin. Þetta árið komu lið frá Hetti til okkar og heppnaðist dagurinn mjög vel. Við höfum svo farið með hópinn á dagsmót á vorin hjá Hetti. Brynjar Þór Björnsson landsliðsmaður kom einnig til okkar síðastliðið vor og var með körfuboltaþúðir. Góð aðsókn var hjá

Brynjari og öllu boðið að koma og prófa að kostnaðarlausu og gríðarleg ánægja með heimsóknina. Bumban (hópur ástríðufullra körfuboltamanna) hittist reglulega og sýnir gamla takta og hefur farið vaxandi og er mikilvægur hópur fyrir deildina.

Kvennastarfið

Eitt af markmiðum deildarinnar er að halda úti kvennaliði í yngri flokkum og meistaraflokki. Nokkar stelpur eru að æfa í yngri flokkum félagsins en ennþá er um blandaðar æfingar og keppni hjá kynjunum. Meistaraflokkur kvenna fór á flug í haust og keppti í fyrsta skipti í Íslandsmóti í 2.deild. sem var mikil og góð reynsla fyrir hópinn. Þetta er annað tímabilið sem æfingum er haldið úti fyrir flokkinn og hefur starfið farið vaxandi og er markmið að hafa markvissar æfingar með þjálfara á næsta tímabili.

Fjármál og stuðningur

Langstærsti kostnaður deildarinnar er við meistaraflokk karla. Má segja að kostnaðurinn hafi allt að þrefaldist við það að fara í 1.deild. Til að mæta þessum kostnaði höfum við fengið enn fleiri styrktaraðila til liðs við deildina ásamt því sem fjöldi fjáraflana á vegum deildarinnar, fyrir einkaaðila og Sveitarfélagið eru stór þáttur í rekstrinum. Stjórnin vil þakka allan þann góða stuðning og velvilja sem okkur hefur verið sýndur og þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum sem hafa komið að starfinu.

Fjöldi iðkenda og markmið

Skráður fjöldi iðkenda árið 2018 var í heild um 150 sem er töluverð fjölgun frá 2017. Markmið stjórnarinnar er að halda úti kröftugu starfi með iðkendur að leiðarljósi. Þetta viljum við m.a. gera með því að hafa öflugan menntaða þjálfara, gott samstarf við foreldra, velunnara og styrktaraðila.

F.h. Körfuknattleiksdeildar Sindra

Hjálmar Jens Sigurðsson

Ársskýrsla fimleikadeildar Sindra

Starfsemi Fimleikadeildar Sindra hefur vaxið mikið undanfarin ár og stunduðu um 160 iðkendur æfingar hjá deildinni árið 2018. Aldrei hafa eins margir æft hjá deildinni eins og sl. Ár. Við vitum öll að til að byggja upp gott og metnaðarfullt starf innan deildarinnar þá þurfa margar hendur að koma að. Hvort sem um er að ræða styrki frá fyrirtækjum, stuðning frá Aðalstjórn, framkvæmdarstjóra, þjálfurum eða foreldrum, þá er óhætt að segja að stuðningsnet deildarinnar sé gott og fyrir það erum við afar þakklát.

Breytingar áttu sér stað í þjálfarahópnum okkar árið 2018. Hanna og Inga snéru ekki aftur til okkar í haust enda margt á þeirra könnu sem gengur fyrir, ásamt því að takast á við ný verkefni. Vonandi fáum við að njóta þeirra krafta aftur. Við höfum þó marga efnilega þjálfara hjá okkur sem leggja hart að sér og hafa reynst deildinni afar vel. Auk þess réð deildin til sín dansþjálfara úr Gerplu sem heldur utan um dansinn okkar og er okkar þjálfurum innan handar þegar á þarf að halda. Fimleikadeildin leggur ríka áherslu á menntun þjálfara og hefur það að markmiði að byggja upp öflugt þjálfarteymi sem styrkist mikið með hverju námskeiðinu. Hafa þjálfarar félagsins m.a. sótt námskeið á vegum FSÍ og ÍSÍ og auk þess fór yfirþjálfari á námskeið í Danmörku sl. Sumar.

Stjórn deildarinnar hefur unnið markvisst að því að byggja upp sitt innra starf sem eflir deildina enn frekar til framtíðar. Eitt helsta verkefni stjórnar er að setja sér ramma til að vinna eftir og hefur deildin í heild sinni unnið mikið og gott starf út frá því. Breytingar urðu í stjórnarteyminu á síðasta ári en þá lét Sigrún Gylfadóttir af störfum sem gjaldkeri og tók Helga Margrét við gjaldkerastöðunni. Ákveðið var í samráði við framkvæmdarstjóra, vegna anna í starfi stjórnar, að bæta við manneskju sem myndi alfarið

halda utan um fjáraflanir deildarinnar og tók Guðbjörg Guðlaugsdóttir við því starfi. Nokkuð hefur verið rætt um aðstöðu fimleikadeildarinnar og er ljóst að þörf er á breytingum í þeim málum svo starfið geti vaxið enn betur.

Fimleikadeildin hélt sína árlegu fimleikasýningu í janúar og þemað var Safarí sýning. Heppnaðist sýningin vel í alla staði og að venju var góð mæting sem er mikil hvatning fyrir iðkendur. Fyrsta mót ársins var bikarmót unglunga í hópfimleikum sem haldið var í mars. Yngri flokkarnir kepptu á Selfossi en eldri flokkarnir í Garðabæ. Stóðu liðin sig prýðilega. 1.flokkur stúlkna keppti á Íslandsmóti unglunga sem haldið var á Akranesi í maí og stóðu sig einnig vel. Á vordögum var svo Innanfélagsmót deildarinnar haldið. Mótið var fyrir iðkendur á aldrinum 6 – 16 ára og voru viðurkenningapeningar veittir í lokin. Við krýndum einnig fimleikamann Sindra en Angela Rán Egilsdóttir hlaut þann titil. Að móti loknu var haldið upp á 50 ára afmæli Fimleikasambands Íslands með því að standa á höndum og eftir það var gætt sér á köku í boði sambandsins. Þrír flokkar kepptu á Íslandsmóti unglunga á Egilsstöðum í maí og stóðu krakkarnir sig mjög vel.

Þann 17. Júní var Fimleikadeildin með sitt árlega sýningaratriði og tókst vel til.

Í ágúst fór fimleikadeildin í fyrsti skipti í æfingaferð erlendis. 28 iðkendur úr 6. Bekk og upp úr fóru til Ollerup, í Danmörku. Ferðin heppnaðist afar vel og komu iðkendur sáttir heim og stefnir deildin á að fara í æfingaferðir annað hvert ár. Fararstjórar ferðarinnar skiluðu af sér skýrslu um ferðina sem er útprentuð ef fólk hefur áhuga á að skoða.

Haustönn hófst í byrjun september og að venju voru foreldrar boðaðir til fundar. Vel var mætt og var m.a. farið yfir starf annarinnar, mótadagskrá, þjálfarateymi var kynnt og farið var yfir fleiri praktísk atriði sem viðkemur starfinu. Við fórum með 30 iðkendur í æfingarferð í nýja fimleikahúsið hjá Gerplu. Ferðin heppnaðist vel og var afar kærkomið að komast í góðar fimleikaaðstæður þar sem iðkendur höfðu tök á að gera æfingar í gryfju og á áhöldum sem ekki eru til staðar hjá okkar deild. Svo leið að haustmóti í hópfimleikum og sendi deildin frá sér 4 lið á mótið sem haldið var í Gerplu. 4. Flokkur blandaðra liða (4. Flokkur mix) náði glæsilegum árangri og endaði liðið í 1. Sæti. Síðan var ferðinni heitið á Akranesi í nóvember. Strákahópur eldri enduðu í 3. Sæti samanlagt en gerðu sér lítið fyrir og enduðu í 1. Sæti á dýnustökki. Stelpurnar í 1. Flokki náðu líka flottum árangri og nældu sér í 3. Sætið. Við enduðum árið á að bjóða uppá æfingar í jólafríinu en Ragnar Magnús, þjálfari hjá Gerplu og landsliðinu og Tinna Marín fyrrum iðkandi fimleikadeildar Sindra, héldu stutt fimleikanámskeið milli jóla og nýárs sem var ágætlega sótt.

Áhaldastaða deildarinnar hefur lagast mikið og í fyrra keypti deildin nýjan fíber, lendingardýnu og þrjár litlar loftdýnur. Það hafði lengi staðið til að kaupa nýjan fíber og varð loks af þessum kaupum sl. Sumar eftir rausnarlegan styrk frá Sveitarfélaginu sem við erum afar þakklát fyrir. Á næstunni hyggst deildin svo kaupa svampagryfju sem bætir aðstöðuna verulega og einnig ný áhöld fyrir leikskólahóp.

Við ætlum að sjálfsgöðu að halda áfram að byggja upp okkar frábæru fimleikadeild og vonandi taka sem flestir þátt í því með okkur, því þannig getum við gert gott starf enn betra. Að lokum vill stjórn Fimleikadeildarinnar þakka öllum þeim sem komið hafa að starfinu í vetur.

Stjórn Fimleikadeildar Sindra:

Ingibjörg Guðmundsdóttir, formaður

Helga Margrét Jóhannsdóttir, gjaldkeri

Signý Ingvadóttir, ritari

Guðbjörg Guðlaugsdóttir, meðstjórnandi

Ársskýrsla Sunddeildar Sindra

Eftir stutt jólafrí hóf deildin aftur störf 3ja janúar áfram undir stjórn Viktoríu Ósk Jóhannesdóttur þjálfara sem ráðin hafði verið um haustið. Við byrjuðum árið á að halda deildafund með foreldrum 18. Janúar. Helgina 16 – 18 febrúar var farið í Kópavogin í æfingarbúðir sem Breiðablik skipulagði og hélt fyrir okkur í samstarfi við þjálfarann. Fengum við að nota bæði 25m innilaug og prufa 50m útilaug. Aron Örn Stefánsson hélt fyrirlestu fyrir okkur og krakkana í Breiðablik í Laugardalshöllinni að æfingabúðum loknum. Farið var í dósasöfnun í febrúar og safnað fyrir æfingabúðunum.

Farið var á Hennýjarmótið á Eskifirði í byrjun mars og fóru 8 iðkendur frá okkur og unnu til margra verðlauna. Þann 18 mars héldum við hið árlega innanfélagsmót Sindra. Allir fengu páskaegg að venju að móti loknu. Þann 6. Maí var vormót Neista á Djúpavogi.

Helgina 12 – 13 maí héldu elstu krakkarnir í Landsbankamót í Reykjanesbæ og vann einn þeirra 3. Brons verðlaun ásamt því að þau unnu sér inn þátttökulágmörk á AMÍ sem haldið verður um sumarið. Vetrarstarfinu var síðan lokið með fatasundi og pitsuveislu í boði Pakkhússins þar sem að venju voru veittir bikarar fyrir besta félagann, bestu mætingu, mestu framfarir og sundmann ársins.

Stjórnin stóð svo fyrir sölu á sjómanna dagsblaðinu og gekk það vel. Voru þeir peningar notaðir til að greiða elstu iðkendunum þóknun fyrir að aðstoða Viktoríu við sumarnámskeiðin. Sumarið var tekið með trompi og yfir 30 krakkar skráðir á forskólanámskeið sem stóð yfir í 3 vikur. Einnig voru haldnar úti sumaræfingar og stefnan tekin á Sumarhátíð UÍA í júlí en því miður var sundið fellt út af dagskrá hátíðarinnar í þetta sinn og var það MJÖG svekkjandi fyrir iðkendurna. Tveir af elstu iðkendunum fóru síðan á AMÍ (Aldursflokkameistaramót Íslands) helgina 22 – 24 júní á Akureyri unnu fyrstu stigin sem Sindri hefur hlotið á þessu móti en 6 efstu sætin telja til stiga. Einn keppandi var í sundi frá Sindra á Unglingalandsmótinu og hlaut hann verðlaun í öllum greinum sem hann keppti í.

Haustönninni var startað í byrjun september með miklu þúsli eftir að Viktoría fór frá okkur en Goran tók að sér að þjálfa með vaktavinnu sem gerði það að verkum að illa gekk að útbúa stundatöflu, honum til aðstoðar fengum við svo Írisi Mist Björnsdóttur en sökum þess hvað hún er ung má hún eingöngu vera með 4 börn í lauginni í einu. Upp úr miðjum september var svo heppnin með okkur og fengum við til liðs við okkur 2 drengi frá Tékklandi báða að nafninu Filip en þeir höfðu komið hingað til að vinna á Humarhöfninni og voru tilbúnir að taka að sér þjálfun á móti hvor örum en áfram höfðum við Írisi til aðstoðar. Filiparnir hafa báðir reynslu af þjálfun og keppni úr sínu heimalandi.

Þessi erfiða byrjun gerði það að verkum að það skiluðu sér færri krakkar en áður og byrjuðu 3 í 7.bekk, 4 í 4-6 bekk og 11 í 1-3 bekk. Samtals 18 krakkar. Í endaðan október fóru elstu krakkarnir á Speedomót í Reykjanesbæ og þar gerðu þau sér lítið fyrir og syntu undir AMÍ lágmarki fyrir 13 ára þá ennþá að keppa í undir 12 ára flokki. Þar héldu þau áfram að vinna til verlauna og komu heim með 2 brons. Er það frábært veganesti að ná þeim árangri að synda sitt fyrsta mót á nýju sundári undir lágmarki.

Farið var á bikarmót UÍA á Djúpavogi 25. Nóvember en þar sem dagsetningin kom seint var búið að ákveða að fara með tvo elstu hópana á Fjölnismótið í Laugardalshöll og ekki komu þau tómhent heim þaðan þar sem einn keppandinn vann silfur. Fóru þess vegna yngstu börnin okkar sum hver á sitt fyrsta mót á Djúpavog þjálfaralaus, en kom það ekki að sök þar sem UÍA var illa undirbúið og dómaralausir þegar á mótið var komið. Ekki spillti það því að börnin náðu sum hver mjög góðum árangri.

Farið hefur verið í dósasafnanir og hefur það gefið vel og m.a. dekkað kostnað vegna þeirra æfingabúða sem börnin hafa farið í. Einnig tók sunddeildin þátt í jólakortautburði fyrir jólin í samstarfi við frjálsíþróttadeildina. Stjórnin lagði einnig sitt af mörkum og mætti 2 svar í málningarvinnu í nýja Sindrahúsið okkar bæði í febrúar og aftur í maí. Ásamt því að taka eina vakt á Hafinu í fjáröflunarskini og selja Sjómannadagsblaðið eins og áður sagði.

Í endaðan nóvember þurftum við svo að taka jólafrí með yngstu krakkana það sem þjálfarinn hélt til síns heimalands í byrjun desember og fram á nýár. Önnina enduðum við á fatasundi. Elstu krakkarnir tóku styttra hlé þar sem þau voru með æfingaprógramm sem þau fylgdu sjálf og gekk það mjög vel, einnig var Íris þeim innan handar.

Erla Berglind Antonsdóttir, formaður

Gunnhildur Imsland, gjaldkeri

Skýrsla stjórnar frjálsíþróttadeildar Sindra

Stjórn frjálsíþróttadeildarinnar verður óbreytt áfram.

Þjálfaramál hjá deildinni eru alltaf púsluspil, síðastliðinn vetur var Fannar Blær Austar Egilsson þjálfari, en um sumarið voru þær Alrún Stephensdóttir og Anna Soffía Ingólfssdóttir með eldri hópinn en við í stjórninni sáum um yngri hópinn.

Í haust byrjaði svo Kolbrún Björnsdóttir hjá okkur og með henni fyrir áramót var Jóhanna Íris Ingólfssdóttir, en um áramótin tók Áróra Dröfn Ívarsdóttir við af henni. Iðkendur tóku þátt í nokkrum mótum, má þar nefna Sumarhátíð UÍA á Egilsstöðum, Meistaramót Íslands 11-14 ára og Unglingalandsmót UMFÍ í Þorlákshöfn. Á öllum mótunum stóð okkar fólk sig vel og við áttum á öllum mótunum keppendur á palli.

Búið er að endurvekja áramótahlaup deildarinnar sem reyndar frestaðist þetta árið fram á þrettándann sökum veðurs, en þátttakan var frammar öllum vonum og rúmlega 50 manns hlupu með okkur.

Það er gaman að geta sagt frá því markmiðið okkar til margra ára er lokið og hástökkshúsið er komið á sinn stað á Sindravöllum.

Þökkum fyrir okkur og þeim aðilum sem styrktu okkur árið 2018.

Stjórn frjálsíþróttadeildar Sindra

Starfsskýrsla UMF. Mána

Aðalfundur Mána var haldinn 8. mars. Sveinn Rúnar Ragnarsson, formaður, gaf ekki kost á sér áfram og var Einar Björn Halldórsson kosinn inn í stjórn í hans stað. Aðrir í stjórn eru Ásta Steinunn Eiríksdóttir, gjaldkeri, Sigurður Ragnarsson, ritari, Halldór Einarsson og Sigurður Óskar Jónsson,

meðstjórnendur. Björn Ármann Jónsson, Reynir Ásgeirsson og Þórir Kristinn Olgeirsson eru varamenn.

12. mars var haldið USÚ þing í Hofgarði og var Máni eina félagið með fulla mætingu.

Veðrið var þokkalegt þann 17. júní, allavega slapp það til með hátíðarhöldin. Gengið var frá Skriðu (þ.e. skriðunni fyrir ofan sumarbústaðinn Skriðu), út með Ketillaugarfjalli og alla leið í Mánagarð. Mæting var þokkaleg. Fleiri mættu í pylsurnar á eftir líkt og vant er.

2. október urðu formleg formannsskipti þar sem Sveinn hafði beðist lausnar frá störfum sínum og tók Einar Björn við starfi formanns tímabundið.

Jólatréð var sett upp þann 12. desember í þokkalegu veðri og kom til tals að fá steiptan grunn fyrir tréð á næsta ári, til að auðvelda uppsetninguna á trénu.

Prettándabrennan var haldin með hefðbundnu sniði við Laxána og sá Björgunarfélag Hornafjarðar um flugeldasýningu.

Einar Björn Halldórsson, formaður Umf. Mána

Starfsskýrsla UMFÖ

19. janúar 2018 Þorablót Leik-og grunnskólans í Hofgarði. UMFÖ styrkti viðburðinn: Þorablótið er fyrir alla aldurshópa og markmiðið er að fá breiðan hóp íbúa í Öræfum til að snæða þorramat með skólahópnum og taka þátt í söng og leikjum.

12. mars 2018 var USÚ þingið haldið í Hofgarði, Ásdís Gunnarsdóttir og Sigrún Sigurgeirsdóttir sátu þingið sem fulltrúar UMFÖ. Þá voru liðin 24 ár síðan þingið hafði verið haldið í Öræfum og einhver máttarvöld hafa sjálfsgagt undrast þessa samkomu hér því rafmagnslaust varð á miðju þingi! En þingstörfin gengu vel við kertaljós og kjötsúpan frá Önnu Maríu yljaði fundarmönnum.

11. apríl var aðalfundur UMFÖ haldinn í Hofgarði, venjuleg aðalfundarstörf.

17. júní voru hátíðahöld í Svínafelli. Hólmfríður, Eva, Regína, Lóa og Sigrún sáu um dagskrána og eftir gönguferð og leiki var boðið upp á grillaðar pylsur, kaffi og safa. Mætingin var góð og hátíðin vel heppnuð.

20. október var haldin kynning á sjálfboðaliðasamtökum og félagsstarfi í Nýheimum á Höfn. Sigrún kynnti starf UMFÖ og kirkjukór Hofskirkju, Lydía Angelíka Guðmundsdóttir kynnti starf björgunarsveitarinnar Kára og UMFÖ. Ekki náðist að heilla neina nægilega til að þeir flyttu í Öræfin og gengju í ungmennafélagið, kirkjukórinn og björgunarsveitinga, en margir gáfu sig á tal við okkur og fengu upplýsingar um starfsemina.

4. desember stýrði Eva Bjarnadóttir bókamessu ungmennafélagsins í Hofgarði. Rithöfundar eða fulltrúar þeirra lásu úr bókum sínum og var þetta hin ánægjulegasta kvöldstund. Lesarar voru Bjarni Harðarson, Gunnar Sæmundsson, Jóhanna Magnúsdóttir, Lilja Magnúsdóttir og Þórður Sævar Jónsson.

29. desember var jólaskemmtun í Hofgarði. Það hittust bæði börn og fullorðnir og nutu stundarinnar saman. Birta Erludóttir og Írena Þöll Sveinsdóttir brugðu sér í hlutverk jólasveina, Þorlákur Magnússon lék á gítar og allir hjálpuðust að við sönginn.

Skýrsla stjórnar Skotfélags Hornafjarðar

Góðir félagar og gestir við hjá Skotfélagi Hornafjarðar höfum ekki setið auðum höndum þó við höfum ekki fundað stíft með ykkur en nú er svo komið að við erum komin með öll leyfi til að hefja framkvæmdir á Bergárvegi 66 við Hornafjörð.

Það sem við höfum gert frá síðasta fundi er að keyra á þessi leyfis mál og var Sporting völlurinn setur upp sem svona þrýstingur á bæjarfélagið til að vinna að okkar málum sem þeir hafa svo gert og endaði með góðum styrk og fólu þeir svo næstu bæjarstjórn að gera starfssamning við okkur sem næsta stjórn fer væntanlega í nú eftir þennan fund.

En það sem við höfum staðið fyrir eru skotvopnanámskeið, hæfnispróf fyrir hreindýraveiðimenn og svo höfum við verið með nokkur svona örmót og hefur þetta allt gengið vel og skilað okkur peningum eins höfum við verið að skjóta sporting þegar veður og tími leyfir.

Það hefur verið startað framkvæmdum við riffilbrautina, búið er að grafa skurði upp með brautinni en nú með hækkandi sól verður komið með ýtu og svæðið slétta og sáð í það, núna stendur fyrir dyrum að smíða riffilhús og gera skotmörk og annað sem tilheyrir þessu. Einnig eru hugmyndir uppi um að færa Sporting völlinn fram um 20 til 30 m og vera með bílastæði og félagshús þar sem völlurinn er núna.

Samhliða því að slétta svæðið þarf að girða það af og er búið að fá tilboð í efnið og er það komið í Húsasmiðjuna og vonandi að Gunnar sé búinn að borga það líka.

Það var tekin ákvörðun um að taka þátt í unglíngalandsmóti í sumar og þurfum við því að vera búin að koma upp riffilhúsinu og borðum fyrir það, en við lítum á þetta sem tækifæri til að fá styrki í verkið og koma smá pressu á okkur sjálf en mestar kvaðir í þessu ferli er í kringum riffilbrautina og er því mikilvægt að koma henni í það ástand sem menn vilja.

Stjórn Skotfélags Hornafjarðar

Skýrsla stjórnar Hestamannafélagsins Hornfirðings

Aðalfundur Hornfirðings, var haldinn sunnudaginn 29. apríl kl. 20 í Stekkhól. Lena Hrönn Marteinsdóttir var fundarstjóri og fundargerð ritaði Gunnar Ásgeirsson. Eftirfarandi nýjrir félagar gengu í félagið á fundinum, Stine Præstholm, Ída Mekkín Hlynsdóttir, Sveinn Rúnar Ragnarsson, Ragnheiður Másdóttir og Hafrún Eiríksdóttir. Í stjórn félagsins voru kjörin; Pálmi Guðmundsson formaður, Gunnar Ásgeirsson ritari og Ómar Ingi Ómarsson meðstjórnandi sem kom nýr inn í stjórn. Aðrir í stjórn sem áttu eftir eitt ár af kjörtíma sínum eru Lena Hrönn Marteinsdóttir gjaldkeri og Magnús Skúlason meðstjórnandi. Helgi Vigfús Valgeirsson og Inga Stumpf voru kjörin varamenn. Endurskoðendur, Vilborg Jónsdóttir og Bryndís Hólmarsdóttir. Einnig komu fram tilnefningar í nefndir félagsins og hér að neðan er listi yfir starfandi nefndir og formenn þeirra.

- Mótanefnd, Helgi Vigfús Valgeirsson, formaður

- Vallar- og girðingarnefnd, Olgeir Ólafsson formaður
- Útreiðarnefnd, Örn Þór Þorbjörnsson formaður
- Æskulýðsnefnd, Ómar Ingi Ómarsson formaður
- Reiðveganefnd, Páll Guðmundsson formaður
- Fjáröflunar- og veitinganefnd, Gunnar Ásgeirsson formaður
- Reiðhallar og hesthúsnefnd, Geir Þorsteinsson formaður

Önnur mál sem komu til umræðu á fundinum voru reiðvegamála, landaskipti í Hamralandi á Mýrum, hugmyndir um mótahald 2018, hesthúsahverfi, vallarsvæði ofl. Einnig kom fram almennur vilji og samhugur hjá félögum um að halda Fjórðungsmót Austurlands árið 2019 í Hornafirði. Rætt var um möguleika að gera mótið fjölmennara með því að hafa opnar greinar og stækka svæði sem kynbótahross mega koma frá.

Í upphafi árs var haldið járnanganámskeið hjá Frikkja og Snæsu í Lækjarhúsum, þann 13. og 14. janúar, Doddi járngameistari sá um kennsluna og nokkrar konur mættu á staðinn og fengu tilsögn og aðstoð við járnningar. Eins og mörg undanfarin ár var reiðnámskeið hjá Snæsu í reiðhöllinni, fyrir yngru krakka, á föstudögum á tímabilinu janúar, febrúar og mars. Einnig bauð Snæsa upp á námskeið fyrir lengra komna, útreiðartúra / í Lækjarhúsum á laugardögum á sama tímabili. Alls tóku þátt um 24 krakkar á þessum námskeiðum.

Í febrúar, mars og apríl var boðið upp á reiðnámskeið (helgarnámskeið), einkatíma í reiðhöllinni með reiðkennurunum okkar þeim Bjarneyju Jónu Unnsteinsdóttur og Hlyn Guðmundssyni, sem bæði eru útskrifaðir reiðkennarar frá Hólaskóla og félagsmenn í Hornfirðingi. Í lok námskeiðs, héldu þau síðan "Sýnikennslukvöld í reiðhöllinni" fyrir þátttakendur og aðra hestaáhugamenn þar sem þau komu fram með hesta á mismunandi þjálfunarstigum til að sýna hvernig þau nota inniaðstöðuna í reiðhöllinni við almenna þjálfun og tamningu reiðhestsins.

Í vetur var sami háttur á á meðan Meistaradeildin í hestaíþróttum var sýnd á Stöð 2, félagar hittust í Stekkhól til að fylgjast með beinni útsendingu og þar var boðið upp á súpu, brauð, kaffi og aðrar góðar veitingar. Fyrsta beina útsendingin, af fimm, fór fram þann 1. febrúar og síðan voru útsendingar á tveggja vikna fresti fram til 6. apríl. Það var góð aðsókn á þessa viðburði okkar í Stekkhól og oft glatt á hjalla.

Ístölt Austurlands 2018 var haldið á Móavatni við Tjarnarland þann 17. febrúar 2018. Félagar úr Hornfirðingi létu sig ekki vanta og mættu ákveðin til leiks og voru í efstu sætum í nær öllum greinum sem keppt var í að þessu sinni. Eftirtaldir hestar og knapar úr Hornfirðingi hlutu verðlaun á mótinu.

- Friðrik Snær Friðriksson og Þruma frá Hlíðarbergi, 2. sæti Tölti 16 ára og yngri
- Neele Kanopka og Lyfting frá Gíslastöðum, 1. sæti Tölt áhugamenn
- Steinálfur frá Horni, knapi Ómar Ingi Ómarsson, 1. sæti B-flokkur
- Snædís frá Horni, knapi Ómar Ingi Ómarsson, 1. sæti A-flokkur
- Ómar Ingi Ómarsson og Snædís frá Horni, 1. sæti Tölt Opinn flokkur
- Jasmina Koethe og Steinálfur frá Horni, 3 sæti Tölt Opinn flokkur

85. ársþing USÚ var haldið í Hofgarði í Öreafum þann 12. mars, fulltrúar Hornfirðings sátu þingið fyrir hönd félagsins.

Þáskaútreið Hornfirðings var haldinn þann 30. mars - Föstudaginn langa.

Vetrarleikar hestamannafélagsins Hornfirðings voru haldnir í reiðhöllinni þann 9. maí kl. 20. Keppt var í Töltfimi (opinn flokkur og áhugamannaflokkur), Tölt 17 ára og yngri og bjórreið. Alls mættu um 60 manns á staðinn, knapar, starfsmenn og áhorfendur. Snilldar tilþrif sáust í brautinn og fór formaðurinn þar fremstur í flokki með áhættuatriði sem endaði betur en áhorfðist.

Farið var í hestferð í Flatey á Uppstigningardag þann 10. maí 2018. Lagt var af stað frá Fornustekku um kl. 13. á fimmtudeginum og komið á áfangastað hjá Hirti Hjartar í Flatey, þar sem grillaðar voru pylsur ofl. Ferðahrossin fengu síðan frí á föstudag. Á laugardeginum var farið í reiðtúr frá Flatey að Heinabergi og með girðingunni umhverfis Flatey. Á sunnudeginum var svo haldið heim á ný, frá Flatey til Hafnar. Góð mæting var í ferðina og allt gekk nokkuð vel fyrir sig þó að veðrið hafi ekki alltaf leikið við okkur.

Firmamót Hornfirðings, var haldið þann 21. maí, Annan í hvítasunnu, á keppnisvellingum við Stekkhól. Keppt var í tvígangi 17 ára og yngri, tvígangi opnum flokki og Þrígangi í opnum flokki. Þó fyrirvarinn hafi verið stuttur að safna firmum tókst að safna talsverðu fé frá fyrirtækjum og einstaklingum sem við erum afar þakklát fyrir.

Félagsmót Hornfirðings og úrtaka fyrir LM í Reykjavík 2018, haldið helgina 9.-10. júní að Fornustekku. Keppt var í eftirtöldum greinum, pollaflokki, barna-, unglínga- og ungmennaflokki, A- og B-flokki gæðinga, tölti, skeiði og unghrossaflokki. Hefðbundin Skógeyjarútreið var farin á laugardagskvöldið eins og hefðbundið er. Fjöldi skráninga var með minna móti en góðir knapar og frábærir hestar komu þar fram. Dómarar mótsins völdu Hlyn Guðmundsson knapa mótsins og Tromma frá Höfn var valinn hestur mótsins.

Landsmót hestamanna árið 2018 var haldið í Víðidal í Reykjavík, á félagsvæði Fáks. Fulltrúar Hornfirðings.

Keppni:

- Tromma frá Höfn, B-Flokkur, knapi Hlynur Guðmundsson
- Sara frá Lækjarbrekku, A-flokkur, knapi Bjarney Jóna Unnsteinsdóttir
- Ungmennaflokkur, Hildur Árdís Eyjólfsdóttir, Trú frá Ási og Stine Randers Præstholm, á Herkúles frá Þjóðólfsþaga
- Barnaflokkur, Friðrik Snær Friðriksson á Brák frá Lækjarbrekku

Kynbótasýning:

- Næla frá Lækjarbrekku, 6. vetra hryssur, knapi Bjarney Jóna Unnsteinsdóttir

Hestaferð í Lón, 24. júlí - fjórir dagar. Nokkrir félagar úr Hornfirðingi riðu með góðan hrossahóp frá Fornustekku í Þórisdal á fyrsta degi, síðan var farið þaðan yfir Skyndidalsá og Jökulsá í Stafafellsfjöll og þaðan í Brekku í Lóni. Þriðja daginn var farið frá Brekku, niður í Herbjarnarey og að Bæ í Lóni og þaðan heim að Brekku á ný. Á fjórða degi var síðan haldið heim á leið frá Brekku, yfir Jökulsá og Almannaskarð og í Nesin.

Það er komin hefð á að félagar úr Hornfirðingi taki þátt í Hestaþingi Kóps sem haldið er í byrjun ágúst 2018 skammt frá Kirkjubæjarlaustri. Að þessu sinni voru Bjarney Jóna og Hlynur sem reka tamningastöð á Níkhóli í vestur sýslunni, fulltrúar Hornfirðings.

1. sæti A-flokkur, Næla frá Lækjarbrekku, knapi Bjarney Jóna Unnsteinsdóttir
1. sæti B-flokkur, Tromma frá Höfn, knapi Hlynur Guðmundsson
3. sæti B-flokkur, Dimmey frá Miðskeri, knapi Bjarney Jóna Unnsteinsdóttir

- 2. sæti Tölt T3, Hlynur Guðmundsson og Tromma frá Höfn
- 3. sæti Tölt T3, Bjarney Jóna Unnsteinsdóttir og Dimmey frá Miðskeri
- 1. sæti 150m skeið, Hlynur Guðmundsson og Klaustri frá Hraunbæ
- 1. Sæti 100m skeið, Bjarney Jóna Unnsteinsdóttir og Stússý frá Sörlatungu

Landsþing hestamanna var haldið á Akureyri dagana 12. – 13. október 2018. Fulltrúar Hornfirðings á þinginu voru Pálmi Guðmundsson, Ómar Ingi Ómarsson og Helgi Vigfús Valgeirsson.

Þann 20. október var kynning í Nýheimum á starfandi félagasamtökum í Hornafirði, þar voru þrír fulltrúar frá Hornfirðing á staðnum með upplýsingar um starfsemi félagsins m.a. fyrirhugað reiðnámskeið fyrir börn og unglinga í mars 2019. Námskeiðið verður haldið út á Horni og Ómar Ingi Ómarsson og Jasmine Koethe, bæði reiðkennarar frá Hólum munu standa fyrir námskeiðinu.

Að lokum vill formaður, fyrir hönd stjórnar Hornfirðings, þakka félagsmönnum og styrktaraðilum fyrir ánægjulegt samstarf á liðnu starfsári með von um öflugt félagsstarf á nýju starfsári 2018-2019.

Hornafirði 8. október 2018.

Pálmi Guðmundsson, formaður

Skýrsla stjórnar Golfklúbbs Hornafjarðar

Starfsemi klúbbsins var öflug árið 2018.

Félagar í klúbbum eru 87.

Í stjórn eru: Gísli Páll Björnsson, formaður, Halldóra Bergljót Jónsdóttir gjaldkeri, Gestur Halldórsson og Inga Kristín Sveinbjörnsdóttir meðstjórnendur og Sæmundur Helgason ritari. Ólafía Gísladóttir og Sigurður Ægir Birgisson eru í varastjórn.

Í mótastjórn eru: Stefán Viðar Sigtryggsson, Bjarnar Karlsson, Björn Sigfinnsson, Guðmundur Borgar, Haraldur Jónsson, Guðrún Ingólfssdóttir, Guðrún Ester Þorsteinsdóttir, og Arnar Þór Jónsson.

Endurskoðendur reikninga: Ari Jónsson og Kristín Hermannsdóttir

Rekstur félagsins:

Óli Kristján Benediktsson sá að venju um hirðingu vallar og eru honum færðar þakkir fyrir gott utanumhald og vel hirtan völl. Félagsmenn komu víða að viðhaldi, fegrun og framkvæmdum í sjálfböðavinnu og fá þeir þakkir fyrir óeigingjarnt starf.

Vorið 2018 opnuðu Arndís Lára Kolbrúnardóttir og Barði Barðason kaffihúsið Kaffi Tee í golfskálanum, Ýmsar útréttingar þurfti til þess að sá rekstur væri mögulegur, t.d. bætt aðgengi fyrir fatlaða, auka vaskur í eldhús ofl.

Sveitarfélagið veitti styrk til GHH til að klára framkvæmdir við vélageymslu, handrið og sólpall-útsýnispall ofan á þak geymslunnar. Félagsmenn unnu verkið í júní. Keyptur var pallbíll, TORO-Workman.

Mót á árinu 2018 voru með allra mesta móti og bættist m.a. við sérstök kvennamótaröð sem tókst einstaklega vel. En mót ársins voru eftirfarandi: Kvennamótaröð þar sem fjögur mót voru leikin á Silfurnesvelli en lokamótið á Reyðarfirði. Nettómótaröðin samanstóð af 10 mótum. Önnur mót voru Olís-texas, Minningarmót Gunnars Hersis Benediktssonar, Húsasmiðjumótið, Opna Skinney-Þinganes, Landsbankamótið, Jöklamótið, Meistaramót GHH og Kjötsúpumót. Af framtölu má sjá að af nægu var að taka í mótshaldi hjá klúbbum og verður svo vonandi um ókomin ár.

Andrea Ásgrímsdóttir golfkennari var með golfkennslu 31. maí - 2. júní og var aðsókn góð og ánægja með kennsluna. Ánægjulegt var að sjá fjölda barna og unglunga sem nýttu sér kennsluna.

Við óskum ykkur góðs og gleðilegs golfsumars og þökkum ykkur fyrir komuna.

Hornafirði, 9. mars 2019

Stjórn GHH.

Ársskýrsla Akstursíþróttafélags Austur-Skaftafellssýslu

Deiliskipulag fyrir nýja motorcrossbraut kláraðist á árinu 2018. En beðið hafði verið eftir því í talsverðann tíma. Lágmarks viðhald hefur verið á brautinni við Drápskletta á meðan og hefur hún verið notuð til skemmtunar og leikja. Árið litaðist mest af því að reka á eftir og berjast fyrir þessu deiliskipulagi. Voru menn vongóðir um að geta hafði framkvæmdir á nýja svæðinu en þar sem skipulagsvinna dróst til loka ársins varð ekkert af því. Þetta hefur allt dregið úr mönnum kraft og latt félagsandann.

Fjöldi iðkenda hefur verið svipaður og síðustu ár og er motocrossið helsta greinin. Einn keppandi var frá félaginu í Íslandsmóti og stóð sig vel.

f.h.stjórnar ASK

Jón Kjartansson

Sigurður Óskar Jónsson, gjaldkeri USÚ, tók ársritið saman.